


Athugun á Gljúfurá 1997

Tumi Tómasson

Hólum, jan. 1998

VMST-N/98001



Veiðimálastofnun
Norðurlandsdeild

Hólum í Hjaltadal
551 Sauðárkrókur
Sími: 453 6599
Fax: 453 6694

Athugun á Gljúfurá 1997

Inngangur

Seiðastofnar Gljúfurár hafa verið kannaðir nær árlega frá því 1985 og af og til fyrir þann tíma einnig. Upphaflega var helsta markmið þessara athugana að fylgjast með og meta afkomu sleppiseiða á ólaxgengum svæðum, enda stutt frá ósi að ólaxgengum fossum. Eftir að laxastigar voru byggðir á árunum 1990 og 1991 hefur verið fylgst með útbreiðslu seiða úr náttúruklaki og nýtingu búsvæða. Niðurstöður þessara athugana voru teknar saman í skýrslu sem var kynnt á aðalfundi Veiðifélags Gljúfurár s.l. vor.

Veiðin 1997

Skráð veiði í Gljúfurá sumarið 1997 var 30 laxar, 6 urriðar og 52 bleikjur. Laxveiðin skiptist þannig að 20 voru laxar að koma eftir eins árs sjávardvöl (smálaxar, gönguseiði 1996) og 10 eftir tveggja ára sjávardvöl (stórlaxar, gönguseiði 1995). Þetta er lakari útkoma en búist hafði verið við, en ekki er vitað um uppruna þessara laxa, því hreistursýni hafa ekki borist.

Það er vitað að heimtur smálaxa úr gönguseiðaárganginum sem fór til sjávar 1996 voru mjög slakar í norðlenskum ám, en jafnframt er líklegt að minni hluti seiðaárgangsins úr klaki vorið 1993 (hrygning 1992) hafi gengið til sjávar sumarið 1996 en gert var ráð fyrir. Þetta var fyrsti seiðaárgangurinn úr náttúruklaki sem náði góðri útbreiðslu ofan stiga.

Uppeldisskilyrði í Gljúfurá

Í skýrslunni frá 1997 er að finna lýsingu á ánni og mat á uppeldisskilyrðum hennar. Þar er jafnframt sett fram gróf áætlun um framleiðslugetu árinna eftir svæðum. Ekki var gerð nein frekari athugun á uppeldisskilyrðum s.l. sumar, en við nákvæmari mælingar eftir korti í mælikvarðanum 1:50 000 kom í ljós að áin er tæplega 2 km lengri frá ósi að Svínadalslá, en gert var ráð fyrir. Einkum er ljóst að vægi svæðisins frá efsta laxastiga að veiðihúsi var vanmetið.

Þegar halli árinna í landinu er skoðaður (Myndir 1 og 2), kemur í ljós að samsvörun er á halla árinna (Mynd 2) og því mati á uppeldisskilyrðum sem fram kom í skýrslunni 1997 (sjá Töflu 3 í skýrslunni frá 1997), enda byggir matið að mestu leyti á botngerð, sem er amennt grófari eftir því sem hallinn eykst. Það kemur einnig í ljós að mjög virðist draga úr halla árinna um 1 km fyrir framan Svínadalssá, en hann eykst svo aftur um 2 km framur. Ég tel að ekki sé hagkvæmt að nýta svæði sem liggur herra en 300 m.y.s. til sleppinga, og vel má vera að þá sé jafnvel of hátt farið. Endanlegt mat á

uppeldisskilyrðum milli Svínadalsár og Rófudalsár fengist hins vegar ekki nema eftir skoðun á svæðinu og reynslu af sleppingum þar.

Rafveiðar 1997

Seiðastofnar árinna voru kannaðir með rafveiðum dagana 8.-9. ágúst. Rafveitt var á 10 stöðum og laxaseiði fengust á öllum nema tveimur efstu stöðunum. Efst var veitt á stað 1, sem er um 300 m fyrir framan ármót Svínadalsár. Rafveiðistöðum er nánar lýst í Töflu 1 og þeir merktir inn á kort (Mynd 1).

Helstu niðurstöður rafveiðanna eru teknar saman í Töflu 2 og á Myndum 3 og 4. Ekki fundust nein seiði úr sleppingum. Síðast var sleppt smáseiðum í Gljúfurá sumarið 1994. Þau seiði sem þá var sleppt hafa að líkindum eitthvað skilað sér til sjávar sumarið 1996 og hefðu því átt að koma fram í smálaxaveiðinni sumarið 1997, en hluti þeirrar sleppingar náði þó ekki sjóþroska fyrr en sumarið 1997, en þá fór afgangur þeirrar sleppingar til sjávar.

Lax virðist hrygna fram undir Selkvísl, en ekki þar fyrir framan, þótt þar sé laxgengt. Eitt laxaseiði fannst í rafveiði á stað 3a, sem er um 500 m fyrir framan Selkvísl. Það er því greinilega ekki mikil nýting á kaflanum fyrir framan Selkvísl, en líklega mun meira af seiðum ganga fram eftir úr þeim árgangi sem kom úr klaki 1997, en sá árgangur virðist öflugri en árgangarnir á undan. Skammt fyrir ofan rafveiðistað 3a eru tvær stórar flúðir eða litlir fossar sem seiði geta ekki komist upp. Hrygni lax ekki þar fyrir framan mun það svæði því ekki nýtast til uppeldis. Þar eru þó víða ágæt skilyrði sem sjálfsagt er að nýta með sleppingum smáseiða.

Klakárgangurinn frá 1993 (hrygning 1992) virðist að mestu hafa náð sjóþroska sumarið 1997, þá sem 4+ seiði. Þennan árgang var að finna um alla á í rafveiðunum 1996 og á sama tíma nýttist hluti svæðisins fyrir framan Selkvísl með sleppiseiðum. Í rafveiðunum 1997 fundust hinsvegar nær engin seiði úr þessum árgangi. Ég geri ráð fyrir að s.l. sumar hafi Gljúfurá framleitt sinn stærsta gönguseiðaárgang til þessa. Framleiðsla mun síðan að líkindum minnka milli ára og verða tiltölulega lítil sumarið 1998, aukast heldur 1999 og gæti aftur verið orðin góð árið 2000. Búast má við að þau smáseiði sem sleppt var sumarið 1997 komi framleiðslunni 1999 einnig til góða, en ekki er komið neitt mat enn á það hvernig tókst til með þá sleppingu.

Mjög lítið fannst af seiðum milli laxastiganna í rafveiðunum 1997 (Rafveiðistaðir 8a og 8b). Veitt var á aukastað milli laxastiga 1 og 2 (8b). Þar fengust mjög fá seiði, sem líklega hafa borist inn á þetta svæði ofan frá. Milli stiganna er alls um 1 km kafli og mest af honum hentar vel til uppeldis seiða. Þar af eru um 700 m milli stiga 1 og 2, en þar var dreift seiðum sumarið 1997. Þetta svæði er mikilvægt að nýta með sleppingum verði þar ekki hrygning.

Mest veiddist af seiðum á neðsta rafveiðistaðnum, en þar er vöxtur seiða jafnframt langsamlega hægstur. Mikill afföll eru jafnframt á seiðum milli ára og því er gönguseiðaframleiðsla þessa árkafla tiltölulega lítil. Þetta sýnir því vel að áin ber ekki mikinn þéttleika seiða og verði seiðastofninn of þéttur er við búið að lítið komist upp. Því verður að reyna að rata réttan veg í ásetningi þannig að allt svæðið nýttist til

uppeldis, án þess þó að þéttleiki fari að hafa neikvæð áhrif á vöxt og afkomumöguleika seiða, þannig að gönguseiðaframleiðsla skerðist.


Í rafveiðunum nú veiddist í fyrsta skipti bleikjuseiði fyrir ofan fossa. Það var á stað 4, skammt fyrir neðan Selkvísl. Seiðið var tæplega 10 cm langt og úr klaki 1996 (1+). Því er ljóst að sú hrygningarbleikja sem farið var með fram í Selkvísl haustið 1995 hefur hrygnt þar. Haldi bleikjan sama lífsmynstri í Gljúfurá og í Víðidalsá hefðu seiði úr hrygningu að mestu átt að ganga niður í Hópið sumarið 1997. Þar munu þau síðan dveljast (eða ganga til sjávar) næstu 3-4 árin áður en kynþroska er náð og bleikjurnar leita aftur upp í á til hrygningar. Ég geri ráð fyrir að bleikja muni smám saman nema land upp Gljúfurána, en flutningur á hrygningarbleikju fram í ána mun væntanlega flýta þeirri þróun verulega.

Tafla 1. Rafveiðistaðir í Gljúfurá sumarið 1997.


Staður 1	Um 300 m fyrir framan ármót Svínadalsár. Stórgrýttur botn, stöðugur og býður upp á góð uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði
Staður 2	Um 2 km fyrir neðan ármót Svínadalsár. Staksteinótt, en fremur skjóllítið þar sem smágerð mól situr að steinum.
Staður 3a	Um 1 km fyrir framan Selkvísl, fyrir neðan fyrstu gönguhindrun fyrir seiði. Klapparbotn, en grýtt svæði undir flúðum.
Staður 4	Skammt fyrir neðan ármót Selkvíslar. Smágrýttur botn og vel gróinn. Gott laxabúsvæði, einkum fyrir miðlungs stór seiði (6-9 cm).
Staður 5b	Fyrir framan girðingu, neðan við réttina, skammt fyrir neðan klapparhaft. Smágrýttur botn.
Staður 6	Í gilinu fyrir neðan Uppsali. Valinn grýttur og fallegur kaflí til veiðinnar.
Staður 7a	Skammt fyrir neðan sleppitjörn, þar sem áin kemur úr gili. Smágrýtt.
Staður 8a	Á milli efri laxastiganna.
Staður 8b	Skammt fyrir neðan miðju-stigann. Grýttur botn og fremur straumhart í gilinu.
Staður 9	Skammt fyrir neðan veiðihúsið. Þar er grýtt, en skammt þar fyrir neðan dregur mjög úr halla árinna og botngerðin verður fin og skjóllítill.

Tafla 2. Fjöldi veiddra seiða eftir aldri á hverja 100 m² í rafveiðum í Gljúfurá 8.-9. ágúst 1997. Staðirnir eru nánar tilgreindir í Töflu 1 og á Mynd 1.


Staður	Stærð (m)	fjöldi laxaseiða á hverja 100 m ²				fjöldi urriðaseiða á hverja 100 m ²			
		0+	1+	2+	3+	0+	1+	2+	3+
1	50x8	-	-	-	-	-	-	-	0.2
2	50x10	-	-	-	-	-	0.6	0.4	0.2
3a	40x10	-	0.2	-	-	-	0.2	-	-
4	60x7	5.9	0.9	0.5	0.9	0.2	-	0.2	-
5b	35x10	0.3	6.6	2.3	-	-	1.1	0.3	-
6	40x8	-	1.9	0.9	1.2	-	-	-	-
7a	30x15	1.3	2.7	0.2	2.7	-	-	-	-
8a	50x12	-	-	-	1.0	-	-	-	-
8b	40x13	-	0.4	0.2	-	-	-	-	-
9	30x12	1.1	2.8	6.9	0.5	-	-	-	-




Mynd 1. Yfirlitskort af Gljúfurá. Helstu rafveiðistaðir eru merktir inn á kortið.



Mynd 2. Hæðarprófíll Gljúfurár



Mynd 3. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í rafveiðum í Gljúfurá 8.-9. ágúst 1997



Mynd 4. Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í rafveiðum í Gljúfurá 8.-9. ágúst 1997.